

um réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi og við strendur þess.

#### Greinargerð.

Tillaga um þetta efni, sem ég flutti á síðasta þingi, varð ekki útrædd. Var tillögunni vísað til utanríkismálanefndar, en hlaut ekki afgreiðslu frá nefndinni. Er nefndin var nokkru fyrir þinglok krafín sagna um það, hvað því ylli, að hún hefði látið undir höfuð leggjast að inna af hendi þá sjálfsögðu skyldu við Alþingi að afgreiða tillöguna af sinni hálfu, bar varaformaður nefndarinnar, þingmaður Strandamanna, fram þá afsökun, að formaður utanríkismálanefndar hefði þá um allanþing skeið verið veikur og því minna um fundarhöld í nefndinni en ella mundi verið hafa, auk þess væri ekki venja að halda fundi, nema þegar ríkisstjórnin óskaði þess sérstaklega. Eins og bent var þá á af mér, ná þessar afsakanir harla skammt, þegar svo stendur á, að um þingmál er að ræða, sem vísað hefur verið til nefndarinnar. Ber utanríkismálanefnd í slíkum tilfellum, eins og öðrum nefndum í Alþingi, að skila innan hæfilegs tíma álit um slík mál til þingsins, svo að þau geti hlotið afgreiðslu. Er nú þess að vænta, þegar ég undir meðferð málsins á Alþingi geri að nýju tillögu um, að máli þessu verði vísað til utanríkismálanefndar, — en samkvæmt hlutarins eðli á málið að fá athugun í þeirri nefnd, — að nefndin leggi alúð við málið og afgreiði það svo tímanlega frá sér, að nægur tími gefist til, að það geti hlotið fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi.

Mér þykir ekki ástæða til á þessu stigi að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Í því efni læt ég nægja að vísa til þeirra raka, sem fólust í greinargerð þeirri, sem tillögunni fylgdi á síðasta þingi, og allýtarlegrar ræðu, sem ég flutti, er ég lagði málið fyrir Alþingi.

Reynslan á þessu ári hefur enn sýnt það berlega, hvaða þýðingu það getur haft fyrir Íslendinga að geta hagnýtt sér þau lands- og sjávargæði á Grænlandi, sem þeir telja sig eiga rétt til. Vegna aflabrests á þessu ári og raunar fjögur ár í röð, að því er snertir sildveiðar að sumarlagi, er verulegur hluti þeirra manna, sem að vélbátaútveginum standa, kominn á kné fjárhagslega. Allt að því helmingur þeirra, sem gerðu út á sildveiðar á síðastliðnu sumri, geta nú ekki leyst sjóveð af bátum sínum. Því síður geta þessir menn greitt áfallin váttryggingargjöld eða vexti og afborganir, hvort heldur um er að ræða stofnlán eða rekstrarlán. Og sízt af öllu eiga þeir þess nokkurn kost að afla sér nýrra nóta eða annarra veiðarfæra, sem þó eigi verður hjá komizt, ef þessi atvinnuvegur á ekki að stöðvast. Ýmsir útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem voru vel efnum búin fyrir nokkrum árum, eiga nú ekki fyrir skuldum og sumir hverjir ekkert svipað því, ef skuldaskil færu fram, enda var því yfirlýst á nýafstöðnum landsfundi útvegsmanna, að enginn grundvöllur hefði verið undir rekstri vélbátaútvegsins síðustu fjögur árin.

Samtímis því sem bátaútvegur Íslendinga hefur komizt í þessar viðjar fjárskorts og úrræðaleysis, hefur verið í næsta nágrenni Íslands, við Grænlandsstrendur, svo mikill uppgripaafli, að fá eða engin dæmi eru til slíks á þeim fiskimiðum annars staðar, sem þekkt eru og auðugust hafa verið talin. Færeyingar gerðu út á annað hundrað kúttara á Grænlandsmið á s. l. sumri. Sökkhlóðu þeir skipin á örstuttum tíma af rígaþorski. Stunduðu þeir handfæraveiðar og drógu fiskinn á bera króka, sem fiskurinn gleypiti rétt fyrir neðan borðstokkinn strax á fyrsta gjót, og þurfti því aldrei svo mikið sem að taka grunnmál.

Í fregnum, sem horizt hafa frá Danmörku, er svo að orði komizt um fiskimergðina við Grænland, að ef Danir fyrir alvöru legðu stund á þorskveiðar við Grænland, mundu þeir auðveldlega geta birgt Evrópu upp með öllu því fiskmeti, er hún þarfnast, og jafnframt hafið útflutning á fiski til Ameríku. Ef það er rétt til getið, sem í fregn þessari felst um væntanleg fiskveiðiaftek Dana á Grænlandsmiðum, má fara nærri um það, hvílikt verksvið væri við slík skilyrði fyrir hina hraustu, harðfengu og aflasælu íslenzku sjómenn, sem vanir eru úthafsveiðum oft og löngum við erfiðar aðstæður og kröpp kjör.

Skyldi það vera ómaksins vert fyrir íslenzk stjórnarvöld að sýna það manns-mót, sem í því felst að taka rögg á sig og greiða Íslendingum götu til athafna við þessa veiðignægð og hagnýtingu á henni með því að láta til skorar skriða um rétt vörn á Grænlandi? Hvað skyldu forráðamenn Íslendinga halda, að þeim haldist það lengi uppi að sofa á svæfli athafna- og andvaraleyfis í þessu stórfellda hagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar?